

Fundargerð aðalfundar Regins hf

Aðalfundur Regins hf. var haldinn 21. apríl 2015 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Benedikt K. Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins og skýrði svo frá að löglega væri til fundarins boðað. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan. Helgi Jóhannesson lagði til að Katrín Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Regins Atvinnuhúsnaðis yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verði boðað skv. 16. gr. samþykkta félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 27. mars 2015 og heimasiðu Kauphallar og félagsins þann 26. mars 2015.

Mætt var á hluthafafundinn fyrir 75,31% hlutafjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Benedikt K. Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því loknu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2014.

4. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2014.

5. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2014:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2015, en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjáreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

6. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti fram lagða starfskjarastefnu fyrir félagið sem er óbreytt frá fyrra ári.

7. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Lagt var fram tillaga Gildis um kaup á eigin hlutum. Áður gengið var til atkvæða um tillöguna kom fram í ræðustól Davið Rudolfsson frá Gildi lífeyrissjóð og gerði grein fyrir tillögunni.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

„Núgildandi heimild til handa stjórn um kaup á eigin hlutum skv. ákvörðun hlutahafafundar 4. desember 2012 falli niður og í hennar stað komi eftirfarandi heimild:

Aðalfundur Regins hf. þann 21. apríl 2015 veitri stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í féluginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í féluginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. gr. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma“.

8. Breyting á samþykktum félagsins.

Lagt var fram tillaga Gildis um breytingu á 12 gr. samþykktta félagsins . Áður en málið var lagt fyrir aðalfund til ákvörðunar þá kom fram í ræðustól Davíð Rudolfsson frá Gildi lífeyrissjóð sem gerði grein fyrir tillöggunni.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Á eftir orðunum „...til handa félagsstjórn“ í 1. málsl. 2. mgr. 12. gr. samþykktta félagsins bætist eftirfarandi setning:

„... og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

9. Kosning félagsstjórnar:

Eftir niðurstöðu margfeldiskosningar var ljóst að kjörin stjórn uppfyllti ekki skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um kynjahlutföll. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu dró Jón Steindór Valdimarsson framboð sitt til stjórnar til baka og þurfti aðalfundurinn því ekki að taka nýja ákvörðun um skipan stjórnar félagsins sbr. ákvæði 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga. Eftirgreindir aðilar skipa stjórn félagsins:

Albert Þór Jónsson, fjárfestir, Cand. Oecon
Benedikt K. Kristjánsson, sölu og þjónustufulltrúi
Bryndís Hrafnkelsdóttir, viðskiptafræðingur, Cand. Oecon
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, lögmaður hdl. og MBA.
Tómas Kristjánsson, viðskiptafræðingur, Cand.Oecon/MBA

Eftirtaldir voru sjálfkjörnir í varastjórn:

Finnur Reyr Stefánsson, hagfræðingur og MBA
Hjörðís D. Vilhjálmsdóttir, hagfræðingur.

10. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörið endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 500.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 250.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 125.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 250.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar: 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

12. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum

Fundi slitið kl. 17.30

Fundarstjóri Helgi Jóhannesson hrl.

Fundarritari Katrín Sverrisdóttir framkv.stjóri Regins Atvinnuhúsnæði ehf.

